

AUGLÝSING

86

15. júní

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkaheppi,
nr. 142 8. ágúst 1939.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar á eftir orðunum „kl. 6 síðdegis“ komi: og á laugardögum kl. 4 síðdegis o. s. frv.

2. mgr. sömu greinar orðist svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 1. september skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 á föstudögum og eigi síðan en kl. 12 á hádegi á laugardögum.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá 15. júní 1948, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

REGLUGERÐ

87

1. júlí

um holræsi og holræsagjald fyrir Hríseyjarhepp.

1. gr.

Þar sem hreppurinn hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem að holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrir mælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsakerfi hreppsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

Heimilt er hreppsnefnd að taka í sína umsjá núverandi holræsakerfi einstakra manna, samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreininger verður.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10 af þúsundi af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 60 krónur,

87 Auk þess ber húseiganda að greiða í eitt skipti fyrir öll tengigjald, að upphæð
1. júlí 150 — eitt hundrað og fimmtíu — krónur, þegar leiðsla frá húsi hans er komin í samband við aðalleiðsluna.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er 1. október ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júlí 1948.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gisli Jónasson.

88

6. júlí

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Flateyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Flateyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er notuð aðallega til lýsingar utan heimila, skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforku-notkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Heimilisnotkun.

Þar, sem orkan er notuð til heimilisþarfa, skal hún seld um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu:

1. Á kr. 1.80 hver kwst.
2. Á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds er nemi 60 aurum á hvern fermetra gólf-flatar herbergja í íbúð á mánuði.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur.